

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Austursíðu.*  
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 2. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Austursíðu.

Breytingin tekur til lóðarinnar Austursíðu 6 og felur í sér að bætt verður við byggingarreit á lóðinni fyrir þriggja hæða skrifstofukjarna. Samhliða hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 0,5 í 0,7.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41.-43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 31. júlí 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. ágúst 2023